

# Ársskýrsla 2016

Lögð fram á ársþingi 29. apríl 2017



## Efnisyfirlit:

Ávarp formanns	4
Skýrsla Stjórnar 2016-2017	6
Fimleikabing 2016	6
Fjöldatölur í hreyfingunni	6
Fundir haldnir á árinu	8
Uppskeruhátið FSÍ	8
Silfurmerki ÍSÍ	8
Íslenskir þjálfarar á þjálfaranámskeiði Alþjóða Fimleikasambandsins (FIG)	8
Dómari á Ólympíuleikum	9
Fimleikar í sjónvarpinu	9
Vertu mEMm	9
Norðurlandamótið í áhaldafimleikum	10
Undirbúningsnefnd og starfsmenn:	10
Nefndir starfandi á árinu	10
Tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum (TKV)	10
Tækninefnd karla í áhaldafimleikum (TK)	10
Tækninefnd í hópfimleikum (THF)	11
Fimleikar fyrir alla (FFA)	11
Fræðslunefnd (FRÆ)	11
Laganefnd	11
Heilbrigðisnefnd	11
Fimleikahreyfingin blómstrar sem aldrei fyrr.	11
Fimleikafólk ársins 2016	12
Helstu afrek ársins 2016	16
Erlendar fimleikahátíðir	20
Innlend mót	21
Erlend mót	23
Skýrsla fræðslunefndar FSÍ	25
Námskeið FSÍ á starfstímabilinu	26
Fjöldi námskeiða og þátttaka á þjálfaranámskeiðum í sérgreinahluta FSÍ frá 1999 til febrúar 2017	26
Móttökunámskeið í hópfimleikum frá 2010 til maí 2017	27
Skýrsla nefndar um Fimleika fyrir Alla FFA	27
Skýrsla vegna setu Hlífur Þorgeirsdóttur í TC-GFA-UEG	29
Skýrsla tækninefndar karla	33
Starfsárið 2016 - 2017	33
Starfsskipan innan nefndarinnar	33
Almenn störf nefndarinnar	33
Íslenski fimleikastiginn	33

Dómaramál	33
Skipulagning móta	34
Verkefni	34
Norðurlandamót senior og junior - 6. - 8. maí 2016 Íslandi	34
Norðurlandamót u14 6. - 8. maí 2016 Finnlandi	34
Evrópumót senior og junior 25. - 29. maí 2016 Sviss	34
Ólympíuleikarnir í Ríó 5. - 21. ágúst 2016 Brasilíu	34
Norður Evrópumót 21. - 23. október 2016 Noregi	34
Næstu mót á tímabilinu 2017 - 2018	34
Þakkir	35
Skýrsla tækninefndar í hóp fimleikum	36
Nefndina sátu:	36
Keppnisreglur á Íslandi.	36
Innlend hóp fimleikamót	36
Stökkfimi	37
Erlend mót	37
Úrtökumót fyrir NM fullorðinna.	37
Dómaraupprifjun	37
Dómaraskipan á mót	38
Strákaæfingar	38
Fjölmíðlar	38
Fræðsla úti á landi	39
Lágmarksfjöldi liða og keppenda	39
Landsliðsmál karla	40
Skýrsla – landsliðsþjálfara í hóp fimleikum	42
Afreksmerki FSÍ	44
Starfsmerki FSÍ	45
Gullmerki FSÍ	46
Heiðurskjöldur fyrir brautryðjendastörf	46
Heiðursfélgar FSÍ	46
Formenn FSÍ	46
Íslandsmeistarar í áhaldafimleikum	47
Íslandsmeistarar í hóp fimleikum	48
Fimleikamenn ársins	49
Afrek ársins	49
Lið ársins	50
Landsliðskeppendur í áhaldafimleikum árið 2016	51
Keppendur í hóp fimleikum	52

## Ávarp formanns



Arnar Ólafsson

Formaður Fimleikasambands Íslands

Á síðasta þingi tókum við sem hreyfing fyrsta skrefið í átt að leyfiskerfi. Fyrsta hluta innleiðingarinnar er lokið og fyrir haustið munu frekari kröfur verða lagðar á. Við höfum verið að vinna markvisst í að bæta innra starf okkar. Við höfum haldið áfram að þróa leyfiskerfið, unnið að heildarstefnu, afreksstefnu, fræðslumálum, siðareglum, jafnréttisreglum og starfsreglum nefnda. Að auki héldum við glæsilegt Íslandsmót í Laugardalshöll, sem ég tel að sé komið til að vera. Þetta er allt auk venjubundinna starfa skrifstofunnar.

Fjárhagur sambandsins hefur aldrei verið jafn góður og gefur okkur möguleika til að taka næstu skref. Á sama tíma er stefnan að halda áfram að auka sjálfsaflafé bæði til afreksstarfsins en ekki síst til almenns reksturs sambandsins.

Við höfum þegar tekið frá umstalsverða fjármuni til uppbyggingar á fræðslukerfinu og stuðningi við það. Bæði er um að ræða kostnað sem við höfum þegar skráð í ársreikning 2016 og í fjárhagsáætlun 2017-18. Á næstu árum munum við nútímavæða okkar efni, gera það enn markvissara og bæta það enn frekar.

Undanfarin ár hefur skrifstofan tekið við sífellt fleiri verkefnum sem áður voru á könnu tækninefnda og félaga jafnfhliða því að krafa um faglegru vinnubrögð eykst sífellt. Sú yfirfærsla hefur gengið ágætlega, en er ekki lokið. Hluti þeirra breytinga sem þarf til að gera þær að veruleika eru lagabreytingartillögur sem liggja fyrir þinginu. Samfélag nútímans krefst meiri hraða í samskiptum, skjótrar ákvörðunartöku og möguleika til að áætla frítíma samhliða fimleikaiðkun.

Innan okkar raða höfum við mikinn fjölda magnaðs fagfólks í bland við sérfræðinga á sínu sviði. Til þess að taka frekari framförum þurfa allir að róa í sömu átt en því miður finnast enn aðilar sem kjósa að gera það ekki. Við erum fyrir löngu komin á það stig að ekki þurfi allir að vera sammála, mismunandi skoðanir og skoðanaskipti eru af hinu góða. Samskiptin eru oft á tíðum ekki í lagi, eru tíma- og orkufrek og því miður ekki með uppbyggjandi hætti. Þetta þarf að laga.

Með tilkomu breytinga og stækkunar á afreksjóði ÍSÍ er ljóst að miklar breytingar eru að verða á því umhverfi sem okkar afreksfólk mun búa við. Þessar breytingar kalla á enn meiri vinnu af okkar hálfu og setur á okkur margskonar kröfur sem við þurfum að uppfylla, það er því alveg ljóst að íframtíðinni munum við þurfa að hafa 1-2 starfsmenn í fullu starfi að sinna okkar afreksmálum.

Á næsta ári er 50 ára afmæli sambandsins og á þeim tímamótum ber okkur að hrósa öllum þí stórkostlega fólki sem byggt hefur hreyfinguna. Eftir þing mun stjórn skipa afmælisnefnd til að vinna að veglegum tímamótum í samvinnu við stjórn og skrifstofu.

Að lokum langar mig að fagna þeim fjölmörgu sérfræðingum og sjálfboðaliðum sem vinna innan hreyfingarinnar. Þetta fólk hefur gert okkur kleift að verða að þriðja stærsta samband landsins og hreyfingin mun áfram þurfa að horfa til að nýta alla þá krafta sem geta nýst, við þurfum öll að vinna saman í því að gera fimleika á Íslandi enn stærri og veigameiri.

Framtíðin er því björt, saman.

Arnar Ólafsson,  
Formaður FSÍ

# Skýrsla Stjórnar 2016-2017

## Fimleikaþing 2016

Á Fimleikaþingi 2016 voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn:

Arnar Ólafsson, formaður.

Aðrir stjórnarmenn: Kristinn Arason, varaformaður, Sunna Sigurðardóttir, gjaldkeri, Kristín Ívarsdóttir, ritari og Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir, meðstjórnandi.

Í varastjórn voru kosnir: Þór Ólafsson, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir og Axel Ólafur Þórhannesson.

Stjórn hélt reglulega fundi á árinu, auk stjórnarmanna sátu fulltrúar eftirfarandi nefnda sem áheyrnafulltrúar með málfrelsi og tillögurétt: fulltrúi tækninefndar kvenna, fulltrúi tækninefndar karla, fulltrúi tækninefndar í hópfimleikum, fulltrúi laganefndar, fulltrúi fræðslunefndar og fulltrúi nefndar um fimleika fyrir alla.

Sólveig Jónsdóttir gegndi starfi framkvæmdastjóra á skrifstofu sambandsins allt árið, ásamt þeim Sæunni Viggósdóttur, fjármálastjóra og Íris Svavarsdóttur, mótastjóra. Á haustmánuðum bættust svo þær Helga Svana Ólafsdóttir og Íris Mist Magnúsdóttir við starfsmannahópinn en þær gegna stöðu fræðslu- og viðburðafulltrúa sambandsins.

Landsliðsþjálfarar í áhaldafimleikum voru að störfum allt árið.

Áhaldafimleikar kvenna: Guðmundur Þór Brynjólfsson og Sandra Dögg Árnadóttir í samstarfi við dómara nefnd skipaða þeim Berglindi Pétursdóttur og Hlín Bjarnadóttur, alþjóðlegum dómurum og meðlimum í tækninefnd kvenna.

Áhaldafimleikar karla: Róbert Kristmannsson í samstarfi við dómara nefnd skipaða þeim Birni Magnúsi Tómassyni og Sigurði Hrafni Péturssyni, alþjóðlegum dómurum og meðlimum í tækninefnd karla. Nánar má lesa um þeirra störf seinna í skýrslunni.

Landsliðsþjálfari í hópfimleikum, Olga Bjarnadóttir stýrði Evrópumeistaramótsverkefni ársins og voru eftirtaldir þjálfarar ráðnir til starfa.

Kvenna: Ásta Þyrí Emilsdóttir, Íris Mist Magnúsdóttir, Karen Viktorsdóttir og Nicles Jerkeholt.

Mix: Henrik Pilgaard, Kristinn Þór Guðlaugsson, Rakel Másdóttir og Þórdís Ólafsdóttir.

Stúlkna: Bjarni Gíslason, Katrín Pétursdóttir og Tanja Kristín Leifsdóttir.

Mix unglinga: Inga Valdís Tómasdóttir, Karen Jóhannsdóttir og Þórarinn Reynir Valgeirsson.


Hrafnhildur María Gunnarsdóttir og Yrsa Ívarsdóttir voru ráðgefandi í verkefninu.

## Fjöldatölur í hreyfingunni


Nú þegar hefur þjálfaraskortur verið að gera vart við sig í hreyfingunni og því ærið verkefni að hlúa vel að þjálfurum fyrir allan þennan fjölda af iðkendum sem sækjast eftir því að vera fimleikamenn í nánustu framtíð.

Hreyfingin er að yngjast enn meira, þrátt fyrir að vera vaxandi. Af tölunum er það ljóst að betur má ef duga skal, iðkendur eru að koma mjög ungir inn í hreyfinguna en virðast staldra stutt við. Stjórn Fimleikasambandsins hefur sett sér þau markmið að fjölga verkefnum tengdum Fimleikum fyrir alla, auka hlut sýningarfimleika og skapa þannig landslag þar sem fleiri geta fundið sér stað til að dafna innan hreyfingarinnar.


Dreifing iðkenda eftir kyni, aldri og bæjarfélögum:



Kynjaskipting iðkenda:



Aldursdreifing iðkenda:



## Fundir haldnir á árinu

19. febrúar var haldinn formanna- og framkvæmdastjórafundur þar sem farið var yfir leyfiskerfi og mótakerfi FSÍ.


6. maí var haldinn formanna- og framkvæmdastjórafundur, þar sem næstu skref í leyfiskerfinu voru yfirfarin sem og umræður um verkefni tengd fimleikum fyrir alla voru á dagskrá. Þjónustukönnun var lögð fyrir félögin þar sem kannað var þjónustustig skrifstofu við félögin og hvernig mætti bæta það.

16. september var haldinn formanna- og framkvæmdastjórafundur, þar sem farið var yfir stöðu samþykka frá Fimleikaþingi 2016. Drög að ramma fyrir afreksstefnu var kynntur, skráningarferli í mótakerfi FSÍ yfirfarið og Þjónustugáttin kynnt.

17. september var haldinn samráðs- og kynningarfundur fyrir félögin. Tækninefndir fóru yfir kröfur móta, fræðslunefnd fór yfir dagskrá tímabilsins og nefnd um fimleika fyrir alla var með erindi. Skrifstofa FSÍ fór yfir skráningafresti, mótaskipulag, mótakerfi og innheimtu.

## Uppskeruhátið FSÍ

Uppskeruhátið FSÍ var haldin í Hörpu í ársbyrjun 2017 í samstarfi við TM, samstarfsaðila sambandsins, stjórn þakkar TM höfðinglegar móttökur og fimleikafólki fyrir notalega samverustund. Þeir sem mættu voru á einu máli um það að þetta væri glæsilegasta uppskeruhátið FSÍ frá upphafi. Upplýsingar um viðurkenningar er að finna aftar í skýrslunni ásamt yfirliti yfir fimleikafólk ársins.



Ásgeir Guðmundsson

Heiðursfélagi FSÍ

Ásgeir gerði mjög mikið fyrir fimleikahreyfinguna. Allt sem hann kom að hreinlega blómstraði. Þeir sem unnu með honum, hafa haft orð á því hversu gaman og gott það var að vinna með honum. Hann er bæði hugmyndaþingur og sanngjarn í öllu sem hann gerir og svo til að gera allt ennþá betra þá er hann svo afskaplega skemmtilegur. Við erum Ásgeiri ákaflega þakklát fyrir hans vinnu í þágu fimleika á Íslandi

## Silfurmerki ÍSÍ

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands veitti Gyðu Kristmannsdóttur silfurmerki sambandsins en Gyða var ötull talsmaður hópfimleika á níunda áratugnum og má segja að með vinnu sinni hafi hún lagt grunninn að þeim frábæra árangri sem liðin okkar hafa náð í greininni í dag, en hún var einmitt í fyrsta landsliðsþjálfara teymi sambandsins árið 2010.

Fimleikahreyfingin stendur einnig í þakkarskuld við Gyðu fyrir allt það flotta fimleikafólk sem hún hefur alið upp, svo margir af þeim hafa skilað sér inni í aftur sem sjálfboðaliðar, þjálfarar og/eða dómamar sem eru að störfum víðs vegar um hreyfinguna, með það að leiðarljósi að gefa ungum iðkendum það veganesti sem það sjálft var svo lánsamt að alast upp við hjá Gyðu.

## Íslenskir þjálfarar á þjálfaranámskeiði Alþjóða Fimleikasambandsins (FIG)

Alþjóða Fimleikasambandið (FIG) hélt þjálfaranámskeið level 3 í Frankfurt í Þýskalandi. Námskeiðið er hæsta stig þjálfaramenntunar hjá FIG. Tveir íslenskir þjálfarar voru þátttakendur að þessu sinni, Harpa Óskarsdóttir í áhaldafimleikum kvenna og Axel Ólafur Þórhannesson í áhaldafimleikum karla. Bæði stóðu þau sig mjög vel á námskeiðinu og var Harpa á meðal þriggja efstu þátttakanda námskeiðanna beggja á prófinu. Aðeins tveir aðrir íslenskir þjálfarar hafa lokið level 3 hjá FIG, þau



Guðmundur Þór Brynjólfsson og Hlín Bjarnadóttir. Fimleikasambandið óskar þeim Axeli Ólafi og Hörpu innilega til hamingju með að hafa lokið námskeiðunum með svo frábærum árangri.  
Dómari á Ólympíuleikum



Anton Þórólfsson

Antoni Þórólfssyni var sýndur mikill heiður þegar honum var boðið sæti dómara í karlakeppninni á Ólympíuleikunum í Ríó. Anton er aðeins 30 ára gamall og var með yngstu dómurum mótsins. Greinilegt er að Anton á framtíðina fyrir sér í alþjóðlegri dómgæslu en honum hafði áður verið boðið að dæma Ólympíuleika ungmenna árinu áður við góðan orðstýr.

#### Fimleikar í sjónvarpinu

Fimleikar hafa verið tíður gestur í sófum heimila á Íslandi í gegnum fjölmiðla landsins. Mikil aukning hefur verið á umfjöllun um fimleika, samfara góðum árangri fimleikafólksins okkar. Mikil vinna hefur farið í að koma fimleikunum sem best til skila heim í stofu og hefur Hlín Bjarnadóttir staðið þá vakt fimleikum til heilla undanfarnar útsendingar. Henni til aðstoðar hafa verið Guðmundur Brynjólfsson, Daði Snær Pálsson og Hjalti Geir Erlendsson sem komu að Ólympíuleikunum og komu þeim frábærlega til skila.

Fimleikasambandið vill þakka þeim fyrir frábær störf.

Vertu mEMm

**VERTU  
MEMM!**  
— MARIBOR 2016 —

Söfnunar átak  
Fyrir

Í aðdraganda EM í hóp fimleikum tóku nokkrir einstaklingar sig til og settu af stað verkefni með það að markmiði að draga úr kostnaðarþátttöku landsliðsfólksins í hóp fimleikum. En það voru þau Hanna Lóa Friðjónsdóttir, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir, Valgeir Sigurðsson, Jóna Sigurbjörg Eðvaldsdóttir og Anna Lára Másdóttir.

Vertu mEMm varð til, en það gekk út á að fyrirtæki skoruðu á hvort annað að styrkja verkefnið. Arnar Ólafsson Formaður bjó til heimasíðu sem hélt utan um áskoranirnar og fyrirtæki skráðu sig til leiks. Þegar verkefninu lauk voru það yfir tvær milljónir sem söfnuðust og skiptust þær jafnt á milli allra þeirra sem voru í landsliðum á Evrópumótinu í hóp fimleikum. Enn og aftur sýnir það sig hversu

dýrmætt það er að hreyfingin á kraftmikla sjálfboðaliða að sem eru tilbúnir til að leggja sitt að mörkum til að styðja við bakið á fimleikafólkinu okkar.

## Norðurlandamótið í áhaldafimleikum



## Norðurlandamót Laugaból í sparibúning

Undanfarin ár hefur Fimleikasambandið staðið í ströngu í erlendu mótahaldi og erum að eigin mati langt komin með að öðlast meirapróf í þeim efnum. 2016 héldum við Norðurlandamót í áhaldafimleikum að sama myndarbrag og áður. Við getum sannarlega verið stolt af okkar fagfólki og þeim sjálfboðaliðum sem leggja fimleikahreyfingunni lið með svo óeigingjörnu starfi, að eftir er tekið.

### Undirbúningsnefnd og starfsmenn:

- Hlín Bjarnadóttir
- Berglind Pétursdóttir
- Anton Heiðar Þórólfsson
- Daði Snær Pálsson
- Ragna Þyri Ragnarsdóttir
- Axel Bragason
- Jón Þór Ólason
- Kristján Erlendsson
- Elísabet Guðmundsdóttir
- Íris Svavarsdóttir
- Sæunn Viggósdóttir

Stjórn er þakklát fyrir ykkar óeigingjarna framlag.

### Nefndir starfandi á árinu

Eftirfarandi nefndir hafa verið starfandi á árinu 2016 - 2017.

#### Tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum (TKV)

Formaður kosinn á þingi: Berglind Pétursdóttir

Eftirtaldir aðilar skipuðu tækninefnd kvenna á síðasta starfsári: Andrea Dan Árnadóttir, Hlín Bjarnadóttir, Hildur Ketilsdóttir og Ragna Þyri Ragnarsdóttir.

#### Tækninefnd karla í áhaldafimleikum (TK)

Formaður kosinn á þingi: Sigurður Hrafn Pétursson

Eftirtaldir aðilar skipuðu tækninefnd karla á síðasta starfsári: Anton Þórólfsson, Axel Ólafur Þórhannesson, Daði Snær Pálsson og Zoltan Demeny

## Tækninefnd í hópfimleikum (THF)

Formaður kosinn á þingi: Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir

Eftirtaldir aðilar skipuðu tækninefnd í hópfimleikum á síðasta starfsári: Ágústa Dan Árnadóttir, Henrik Pilgaard, Kristinn Guðlaugsson og Ragnar Magnús Þorsteinsson.

## Fimleikar fyrir alla (FFA)

Formaður kosinn á þingi: Hlíf Þorgeirsdóttir

Eftirtaldir aðilar skipuðu nefnd um fimleika fyrir alla á síðasta starfsári: Guðrún Tryggvadóttir, Óli Geir Jóhannesson, Stefanía Eypórsdóttir og Sæunn S. Viggósdóttir.

## Fræðslunefnd (FRÆ)

Formaður kosinn á þingi: Hlín Bjarnadóttir

Eftirtaldir aðilar skipuðu fræðslunefnd á síðasta starfsári: Andrea Dan Árnadóttir, Auður Vala Gunnarsdóttir, Fanney Magnúsdóttir og Guðmundur Þór Brynjólfsson.

## Laganefnd

Formaður kosinn á þingi: Þóra Margrét Hjaltested

Eftirtaldir aðilar skipuðu laganefnd á síðasta starfsári: Ragnheiður Margrét Ólafsdóttir, Hjalti Geir Erlendsson.

## Heilbrigðisnefnd

Guðjón Einar Guðmundsson fór fyrir nefndinni en hana skipuðu, ásamt Guðjóni, Andri Wilberg Orrason, Hera Jóhannesdóttir og Þórdís Ólafsdóttir.

## Fimleikahreyfingin blómstrar sem aldrei fyrr.

Þegar litið er yfir farinn veg, þá er margt að gerast í hreyfingunni okkar. Fimleikafjölskyldan heldur áfram að springa út og erum við eins og undanfarin ár þriðja stærsta íþróttagreinin í landinu. Á dögum höfum við fengið þær gleðifréttir að þrjú ný fimleikahús komi til með að rísa á næstu misserum. En Gróttta, ÍA og Höttur hafa öll fengið samþykki fyrir byggingu á langþráðum draumi sem mun færa fimleikahreyfingunni enn fleiri iðkendur í okkar frábæru íþrótt.

Með auknum fjölda iðkenda, sér glöggst auga að þörfin fyrir menntun nýrra þjálfara eykst samhliða. Á árinu hófu tveir nýjir starfsmenn störf hjá sambandinu. Þeir sjálfboðaliðar sem hafa borið hitann og þungann af menntakerfinu okkar hafa gert það af myndarbrag og nú loksins höfum við ráðið starfsmenn til að styrkja þeirra vinnu enn frekar.

Við stigum langþráð skref þegar við hófum innleiðingu á leyfiskerfi FSÍ og opnuðum um leið þjónustugáttina okkar, nýtt skráningarkerfi sem hefur tekið við af Felix, sem var jafnvel enn langþráðara skref.

Heilbrigðisnefnd tók einnig til starfa á árinu og mun hún meðal annars, mynda fagteymi sambandsins sem er þáttur í eflingu afreksstarfsins og vera félögunum innan handar til að styrkja heilbrigðismálin innan sinna raða.

Við sjáum enn og aftur hversu megnug við erum og hversu mikil þekking býr í hreyfingunni. Þegar við sameinumst eru okkur allir vegir færir, rík er sú hreyfing sem á svona fólk.

Stjórn Fimleikasambandsins færir þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem lögðu hönd á plóg á síðasta ári, félögunum sem komu að móta og námskeiðahaldi, starfsfólki, og nefndarfólki sambandsins, þakkir fyrir þeirra störf á árinu og fjölskyldum þeirra umburðarlyndið.

Stjórn FSÍ 2016-2017

## Fimleikafólk ársins 2016




**Irina Sazonova**

Fimleikakona ársins

Irina Sazonova 25 ára fimleikakona úr Ármanni er ein fremsta fimleikakona þjóðarinnar. Hún náði sögulegum árangri í fimleikum árið 2016 og vann mörg afrek í keppni áhaldafimleika. Irina var mjög sigursæl hérlandis, varð Íslandsmeistari í fjölþraut í áhaldafimleikum og í æfingum á slá og gólfi. Hún er Bikarmeistari með liði Ármanns og í keppni á alþjóðlegum mótum náði hún framúrskarandi árangri og sögulegum áföngum.

Í apríl náði Irina frábærum árangri í forkeppni Ólympíuleikanna og tryggði sér öruggt sæti á leikana sem fóru fram í ágúst. Frammistaða hennar á Ólympíuleikunum 2016 var mjög góð og er Irina fyrst kvenna til að keppa fyrir Íslands hönd á leikunum frá upphafi og okkar annar keppandi í sögunni og getum við verið mjög stolt af hennar árangri. Irina var ein af okkar máttarstólpum í sigri íslenska kvennaliðsins á Norðurlandamótinu en hún varð einnig Norðurlandameistari á tvíslá, var í 2. sæti á stökki og fimmta í fjölþraut. Evrópumótinu í lok maí varð hún níttjándi í fjölþraut.

Irina hefur stundað íþrótt sína af miklu kappi og setur markið ávallt hátt enda náði hún á árinu að keppa á æðsta vettvangi íþróttanna, á Ólympíuleikum og stefnir á næstu leika enda upplifun á þátttöku engu lík í keppni við þær beztu í heimi. Hún er öðrum fimleikastúlkum mikil fyrirmynd við æfingar og keppni enda mjög einbeitt við sínar æfingar og býr yfir mjög góðri tækni á öllum áhöldum sem hefur fært henni mikinn árangur í fjölþrautarkeppni. Hún er mjög vel að titlinum komin árið 2016 eins og afrek hennar sýna.



**Einar Ingi Eypórsson**

Fimleikamaður ársins


Einar Ingi Eypórsson úr Stjórnunni keppti með fullorðinsliði Íslands í blönduðum flokki á Evrópumótinu í hópfimleikum í ár. Hann var liðinu sem náði þeim árangri að verða fyrsta blandaða lið Íslands til að ná á pall í fullorðinsflokki en liðið varð í 3. sæti og eru verðlaun sem Ísland hefur stefnt að í mörg ár. Hann var lykilmáður í liðinu og átti mörg erfiðust stökk þess, hann var mjög einbeittur og ákveðinn á mótinu og er þeim eiginleikum gæddur að geta lokað á allt annað en það sem hann er að einbeita sér að. Einar Ingi er mjög góður í að drífa fólk með sér og er hvetjandi á allan hátt sem hafði mikil áhrif á liðið á mótsstað. Hann er frábær fimleikamaður og gefur sig alltaf 100% í allar æfingar, er duglegur að hvetja liðsfélaga sína og smitar út frá sér jákvæðni og gleði í fimleikasalnum.



## Kolbrún Þöll Þorradóttir

2. sæti


Kolbrún Þöll hefur verið máttarstólpi í liði Stjörnunnar, sem á þessu ári varð WOW-meistari, Íslandsmeistari í samanlögðum stigum, Bikarmeistarar og Deildarmeistarar. Kolbrún Þöll átti þar fast sæti og sýndi erfiðar æfingar með miklum glæsileika. Einnig átti Kolbrún sæti í unglingsliði Stjörnunnar, sem unnu Norðurlandameistaratitil í stúlknaflökki árið 2016. Á Íslandsmóti unglinga keppti hún með 1. flokki Stjörnunnar og keppti þar með stökk sem engin kona hefur keppt með í heiminum og gerði hún það, aðeins 16 ára gömul. Hún keppti með fullorðins liði Íslands á Evrópumótinu sem fór fram í Slóveníu í haust og keppti þar með tvöfalt heljarstökk með beinum líkama og þremur og hálfri skúfu og yfirslag með tveimur og hálfri skúfu, bæði eru þau stökk sem að engin kona hefur keppt með á stórmóti áður og braut þar með blað í hópímleika sögunni. Eftir mótið var hún valin í Stjörnulið Evrópumótsins, fyrir að hafa sýnt erfiðar og mjög vel framkvæmdar æfingar, en þetta er í annað skiptið sem hún vinnur sér sæti í því liði, sem verður að teljast magnaður árangur þar sem hún er ekki nema 16 ára gömul.



## Einar Karelsson

2. sæti

Einar Karelsson keppti með Mixliði Gerplu síðasta tímabil og var einn af mikilvægustu mönnum liðsins. Einar keppti svo á EM 2016 með blönduðu fullorðins liði Íslands og stóð sig mjög vel, Hann var inn í 4 umferðum báða dagana og lenti öll sín stökk. Hann er einnig mjög góður dansari. Styrkleikar Einars eru stöðuleiki og dugnaður. Þú veist alltaf hvað þú færð frá Einari. Einar hefur keppt á 4 stórmótum frá vorinu 2014 og hefur í öllum tilfellum verið mjög mikilvægur sínu liði. Einar er með eiginleika sem hvert lið leitar eftir.



## Agnes Suto

3. sæti

Agnes Suto fimleikakona úr Gerplu náði mjög góðum árangri í keppni áhaldafimleika á árinu 2016. Hún var í liði Íslands sem í fyrsta skipti sigraði í liðakeppni kvenna á Norðurlandamóti haldið í Reykjavík í maí, hún stóð sig frábærlega í fjölþrautarkeppni mótsins og náði bestum árangri íslenskra kvenna, var í 3. sæti með 50.699 stig, varð einnig í 3. sæti á slánni. Agnes stóð sig mjög vel á norður Evrópumóti í október varð í 6. sæti í fjölþraut og í 8. sæti á tvíslá. Á Heimsbikarmóti í nóvember náði hún úrslitasæti á tvíslá og á gólfi. Á Íslandsmóttinu varð hún fjórða í fjölþraut. Agnes er 24 ára gömul var ein af okkar bestu fimleikakonum í landsliðsverkefnum ársins líkt og árangur hennar sýnir, hún hefur veitt keppendum í liðinu góða hvatningu og er öðrum fimleikastúlkum mikil fyrirmynd þar sem frammistaða og framkoma hennar innan sem utan vallar er til sóma.



## Jón Sigurður Gunnarsson

3. sæti

Jón Sigurður Gunnarsson er Íslandsmeistari í fjölþraut í áhaldafimleikum karla, ásamt því að landa titlinum á gólfi og hringjum. Íslandsmótið vann hann með miklum yfirburðum og var einnig okkar besti fjölþrautarkeppandi á Norðurlandamóttinu sem haldið var hér heima í vor, þar sem hann hafnaði í 9. sæti í fjölþraut og 4. sæti á hringjum sem er hans sterkasta áhald. Jón Sigurður er einnig bikarmeistari með félagsliði sínu Ármanni og varð í vor stigameistari FSÍ þar sem hann náði bestum árangri allra íslenskra keppenda í keppni innanlands á tímabilinu. Hann er þekktur fyrir ótrúlegan styrk, þá sérstaklega í efri hluta líkamans sem gerir honum kleyft að framkvæma ótrúlegustu í hringjum sem eru hans sérgrein. Jón er þeim hæfileika gæddur að hann heillar alla sem hann umgengst með þægilegri og góðri nærveru, hann er jarðtengdur en samt er alltaf stutt í grínið sem gerir hann að einstaklega góðum ferðafélaga í landsliðsferðum. Hann hefur mikinn metnað fyrir því sem hann tekur sér fyrir hendur og tekst á einhvern hátt alltaf að skara fram úr í því sem hann tekur sér fyrir hendur. , hvort sem það er í námi, leik, tónlist eða fimleikunum.





## TEAM ÍSLAND

Aftek ársins

Fimleikasamband Íslands hefur tekið þátt í keppni á Evrópumóti í hóp fimleikum um árabíl og oftan en ekki farið með mörg lið til keppni. Í ár tóku fjögur lið þátt á mótinu og unnu þau öll til verðlauna. Má því með sanni segja að árangur Íslands í ár hafi verið landi og þjóð til sóma og erum við ákaflega stolt af liðunum okkar. Ísland varð Evrópumeistarari í stúlknaflökki, í öðru sæti í kvennaflokki, og þriðja sæti í blönduðu liði unglinga og fullorðinna.

Aftek ársins hjá Fimleikasambandi Íslands er sameiginlegur árangur landsliðanna á Evrópumótinu í hóp fimleikum 2016.



## Áhaldalandslið kvenna

Lið ársins

Áhaldalandslið kvenna náði þeim tímamótaárangri að sigrá í liðakeppni á Norðurlandamóti í áhaldafimleikum í fyrsta skipti í sögu sambandsins. Þær komust einnig allar í úrslit á einstökum áhöldum og unnu allar til verðlauna í einstaklingskeppni mótsins, sem eru glæsileg aftek í sögulegu samhengi og allt á sama mótinu. Það var einkar ánægjulegt fyrir fimleikahreyfinguna að þessi árangur náðist á heimavelli og gátu ungir sem aldnir unnendur fimleikana notið þessa augnabliks saman sem hefur verið langþráður draumur. Til þess að toppa frábæran árangur þessa liðs, náðu þær einningu tímamóta árangri á Evrópumótinu í áhaldafimleikum sem fram fór í Bern í júní, þar sem liðið hafnaði í 14. sæti og er það langbesti árangur íslensks liðs í áhaldafimleikum frá upphafi. Hér er á ferðinni magnað lið sem hefur lyft íslenskum fimleikum á næsta stall, sett ungu kynslóðinni góð markmið með þessu fordæmi og hlökkum við til að fylgja árangrinum eftir á komandi mótum.

## Helstu afrek ársins 2016



## Ólympíuleikar

Sá tímamótaárangur náðist á árinu, að Ísland átti keppanda í áhaldafimleikum kvenna á Ólympíuleikunum, þegar Irina Sazonova keppti í RÍÓ. Leiðin á RÍÓ hófst á heimsmeistaramótinu haustið 2015 þegar að Irina náði inn á seinni undankeppnina sem fram fór í apríl í Brazílíu. Irina stóð sig frábærlega í þeirri keppni og hafnaði í 39. sæti og landaði sæti á Ólympíuleikunum, en með henni í för þar var Dominiqua Alma Belányi, Berglind Pétursdóttir sjúkraþjálfari, Vladimir Antonov þjálfari og Hlín Bjarnadóttir dómari.

Á Ólympíuleikunum náði hún sínum besta árangri hingað til sem skilaði henni í 40. sæti í fjölþrautinni á leikunum. Það að ná sínum besta árangri á Ólympíuleikum þar sem pressan er mikil, er merki um að vel hefur verið staðið að þjálfun og öðrum undirbúningi fyrir leika. Hún skilaði sínum æfingum af miklu öryggi og var landi og þjóð til sóma.

Við erum einstaklega stolt af framlagi Irinu Sazanovu en stóð hún sig frábærlega. Þjálfarar hennar Vladimir Antonov og Berglind Pétursdóttir eiga hrós skilið fyrir að hafa haldið vel á málum Irinu og stutt vel við bakið á henni í undirbúningi og á leikunum sjálfum og þeim þökkum við fyrir vel unnin störf.





## Evrópumót Hópfimleikar

Í október fór fram Evrópumót í hópfimleikum og var það haldið í Maribor í Slóveníu. Keppt var bæði í fullorðins- og unglingsflokkum og sendi Ísland fjögur lið til keppni. En það voru kvennalið og blönduð lið í hvorum aldursflokkum.

Íslenska stúlknaliðið mætti heldur betur vel stemmt til leiks og gerði sér lítið fyrir og landaði Evrópumeistaratitli. Blandað lið unglinga stóð sig einnig mjög vel og unnu til bronsverðlauna með frábærri frammistöðu. Einróma álit þeirra sem að verkefninu komu er að einstakur liðsandi í þessum liðum er það sem lagði grunninn að þessum frábæra árangri.

Í kvennaflokkum var heldur betur hörð keppni og lentu íslensku konurnar í 2. sæti eftir að hafa verið á toppnum eftir undankeppnina. Í úrslitum var hörð barátta á milli Svíþjóðar og Íslands sem endaði með því að Svíar náldu sér í titilinn með íslensku konurnar fast á hæla sér og grátlega litlum mun. Blandað lið fullorðinna náldi sér svo í langþrátt 3. sæti með frábæri frammistöðu í Maribor. Það má með sanni segja að Íslendingar geta verið mjög stoltir af árangri íslensku hópfimleikaliðanna sem öll komu heim með verðlaunapening af mótum á meðal þeirra bestu í Evrópu.



## Norðurlandamót Áhaldafimleikar

Við unnum langþráðan titil á mótinu, þegar Ísland varð Norðurlandameistari í liðakeppni kvenna, en konurnar voru sko ekki hættar eftir að hafa landað honum, heldur unnu þær allar verðlaun í úrslitum á einstökum áhöldum ásamt því að Agnes Suto varð í 3. sæti í fjölþraut.

Irina Sazonova varð Norðurlandameistari á tvíslá og í 2. sæti á stökki og Dominiqua Alma Belányi varð í 2. sæti á tvíslá, Agnes Suto í 3. sæti á slá, Tinna Óðinsdóttir í 2. sæti á gólfi og Sigríður Hrönn Bergþórsdóttir í 3. sæti á gólfi.

Í liðakeppni stúlkna varð Ísland í 3. sæti með minnsta mögulega mun í heimi fimleikanna, en einungis munaði 0,1 á 1. og 3. sætinu. Margrét Lea Kristinsdóttir átti frábært mót á varð í 3. sæti fjölþraut. Valgarð Reinhardsson hóf aftur keppni eftir að hafa verið að vinna sig úr meislum og verði sér lítið fyrir og var í 2. sæti svífrá.



## Evrópumót Áhaldafimleikar

Kvinnalandsliðið í áhaldafimleikum náði besta árangri Íslands í liðakeppni á Evrópumótinu í Bern í júní þegar þær höfnuðu í 14. sæti og er það lang besti árangur íslensks liðs í áhaldafimleikum frá upphafi.



## Norðurlandamót unglunga Hópfimleikar

Stúlkulið Stjórnunar náði þeim frábæra árangri að sækja sér Norðurlandameistararitil unglunga í hópfimleikum. Stúlkurnar í Stjórnunnar sigraðu með 54.350 stig með tæplega tveggja stiga forskot á Bolbro Gymn frá Danmörku, í þriðja sæti var svo lið Brommagymn frá Svíþjóð og Gerpla hafnaði í 4. sæti með 52.366 stig. Þegar Stjarnan landaði þessum titli var félagið handhafi allra titla sem í boði eru í félagskeppni í hópfimleikum. Þær voru Íslands- og bikarmeistarar og Norðurlandameistarar í unglunga og fullorðinsflokki.



## Norður-Evrópumót Áhaldafimleikar

Íslenska kvinnalandsliðið lenti í 6. sæti í liðakeppninni og náði Agnes Suto einnig þeim flotta árangri að vera í 6. sæti í fjölpraut. Þrjár íslenskar fimleikakonur unnu sér sæti í úrslitum á einstökum

áhöldum, Sigríður Hrönn á stökki, Agnes Suto á tvíslá og Margrét Lea á slá. Sigríður Hrönn náði þeim frábæra árangri að vinna sér inn brons á stökkinu þegar hún hafnaði í þriðja sæti.

Ísland var ekki með lið í karlakeppninni en sendi þrjá keppendur til leiks. Martin Bjarni Guðmundsson lenti í óhappi á æfingu í Þrándheimi á föstudaginn og gat því miður ekki tekið þátt í mótinu um helgina vegna meiðsla. Því kepptu aðeins tveir keppendur í karlakeppninni, þeir Valgarð og Guðjón Bjarki. Valgarð náði inn í úrslit á bæði bogahesti og svifrá, en hann lenti í 6. sæti á bogahesti og 7. sæti á svifrá.

### **Íslandsmeistarar í áhaldafimleikum**

- Jón Sigurður Gunnarsson – Ármann
- Irina Sazonova – Ármann

### **Íslandsmeistarar í hópfimleikum**

- Stjarnan – kvennaflokkur
- Selfoss – mix flokkur

### **Bikarmeistarar í áhaldafimleikum**

- Lið Ármanns – kvk
- Lið Ármanns – kk

### **Bikarmeistarar í hópfimleikum**

- Stjarnan – kvennaflokkur
- Selfoss – mix flokkur

## Erlendar fimleikahátíðir



### Golden Age

Fimleikar fyrir alla 50+

Golden Age fimleikahátíðin fór fram í Slóveníu í bæ sem heitir Portoroz á haustdögum. Frá Íslandi mættu 93 manns, flestir þeirra tilheyrðu þremur hópum, Feban frá Akranesi, Glóð úr Kópavoginum og Sóley's boys, en einnig voru líka nokkrir einstaklingar. Hátíðin er fyrir 50 ára og eldri og er haldin á vegum Evrópska fimleikasambandsins annað hvert ár. Mikil og góð stemming var í íslenska hópnum. Þau tóku þátt í vinnubúðum, sýningum og alls konar uppákomum sem boðið var upp á á vegum hátíðarinnar.



### EuroGym

Fimleikar fyrir alla 12 – 18 ára

Eurogym fimleikahátíðin var haldin á árinu, en það er fimleikahátíð fyrir unglunga og er haldin á vegum Evrópska fimleikasambandsins annað hvert ár. Frá Íslandi fóru 114 þátttakendur og komu þeir úr fimm félögum, Aftureldingu, Ármanni, Fjölni, Fylki og Selfossi.

Að þessu sinni var hátíðin haldin í borginni Ceske Budejovice í Tékklandi og var heildarfjöldi þátttakanda 3900. Íslensku þátttakendurnir voru landi og þjóf til sóma og tóku þátt í vinnubúðum, sýningum og öðrum uppákomum sem hátíðin bauð upp á. Yndislegt veður var í Tékklandi á meðan á hátíðinni stóð og afskaplega gott andrúmsloft.

## Innlend mót

Mót	Mótshaldari	Fjöldi þátttakenda
Prepamót 4. og 5.þrep kk og kvk	<b>Stjarnan/Ármann</b>	<b>414</b>
Prepamót 1.-3. þrep kk og kvk	<b>Björk</b>	<b>137</b>
WOW mótið í hópímleikum	<b>Selfoss</b>	<b>129</b>
Bikarmót Unglinga í hópímleikum	<b>Gerpla</b>	<b>972</b>
Bikarmót í áhaldafímleikum (4. og 5. þrep kk og 5. þrep kvk)	<b>Björk/Fjölur</b>	<b>377</b>
Bikarmót í hópímleikum	<b>Stjarnan</b>	<b>97</b>
Bikarmót í áhaldafímleikum (1. - 3. þrep og frjálsar æfingar kk og kvk)	<b>Ármann</b>	<b>178</b>
Bikarmót í Stökkfimi	<b>Keflavík</b>	<b>293</b>
Íslandsmót í áhaldafímleikum	<b>Ármann</b>	<b>57</b>
Íslandsmót í þrepum	<b>Ármann</b>	<b>311</b>
Íslandsmót í Hópímleikum	<b>Stjarnan</b>	<b>83</b>
GK Meistaramót FSÍ og Special Olympic	<b>Ármann</b>	<b>134</b>
Subway Íslandsmót Unglinga í hópímleikum	<b>Selfoss</b>	<b>972</b>
TM mótið í áhaldafímleikum	<b>Björk</b>	<b>30</b>
Haustmót áhalda þrep (5.- 4. þrep KK og 5. - 4. þrep KVK ) (Liðakeppni)	<b>FIMAK</b>	<b>238</b>
Haustmót í stökkfimi	<b>Gróttá</b>	<b>0</b>
Haustmót áhalda (Frjálsar, 1., 2., 3. þrep og Special Olympic)	<b>Fjölur</b>	<b>173</b>
Haustmót í TeamGym (4. - 3. flokkur og Kky og Kke)	<b>Stjarnan</b>	<b>558</b>
Haustmót í TeamGym ( 2.- 1. flokkur og mfl B )	<b>ÍA</b>	<b>266</b>

Dags.

2016

Flokkun

Dags.	Flokkun	Afturelding	Ármann	Björk	FIMA	FIMAK	Fjölnir	Fylkir	Gerpla	Gróttá	Hamar	Höttur	Keflavík	Rán	Selfoss	Sindri	Stjarnan	Völsungur	Þór	fjöldi þáttt.		
																					H	H
5.feb	Þrepamót 4. og 5.þrep kk og kvk	I	ÁH	69	41		35	39	35	93	37			30				35			414	
12.feb	Þrepamót 1.-3. þrep kk og kvk	II	ÁH	30	18		11	7	4	46	7			6				8			137	
19.feb	WOW mótið í hópímleikum	II	HÓP		14			11		24				11		22		37		10	129	
26.feb	Bikarmót Unglinga í hópímleikum	III	HÓP	59	59	13	70	87	41	32	145		65	29		167	47	141		17	972	
4.mar	Bikarmót í áh. 4. 5. þrep kk og 5. þrep kvk	XVI	ÁH	51	61		36	43	37	48	38			23				40			377	
4.mar	Bikarmót í hópímleikum	IV	Hóp		14		8		11		24		21			10				9	97	
12.mar	Bikarmót í áh. 1.-3. þrep og frjálsar	IV	ÁH	38	19		11	7	9	59	10			10				15			178	
1.apr	Bikarmót í Stökkfimi	V	Hóp		40		98		39			13		56						26	293	
2.apr	Íslandsmót í áhaldafímleikum	VI	ÁH		13	13				5	17			2				3			57	
15.apr	Íslandsmót í þrepum	VII	ÁH		51	46		25	13	23	79			21				29			311	
22.apr	Íslandsmót í Hópímleikum	VIII	Hóp						10		36					12		25			83	
29.apr	GK Meistaramót FSÍ og Special Olympic	IX	ÁH		32	23			4	5	49			6				8			134	
20.maí	Subway Íslandsmót Unglinga í hóp	X	HÓP	64	30	27	85	94	25	36	110		18		67	28	19	135	37	181	16	972
9.okt	TM mótið í áhaldafímleikum	XI	ÁH		5	8				5	12										30	
30.okt	Haustm. lið áh. þrep 5. 4. KK og 5.-4. KVK	XVII	ÁH		18	41		19	26	32	44		18					13			238	
30.okt	Haustmót í stökkfimi	XII	HÓP																		0	
6.nóv	Haustmót áh. Frjálsar, 1., 2., 3. og Spec. Ol.	XIII	ÁH		33	26		17	16	3	51		11					8			173	
13.nóv	Haustmót í Hóp. (4. - 3. og Kky og Kke)	XIII	Hóp	57	23	13	44	35	60	27	63		45			86	26	52		17	558	
20.nóv	Haustmót í Hóp. (2.- 1. flokkur og mfl B)	XIV	Hóp	20			41	31	28		38					38		60			266	
samanl.pr..félag				19	200	520	349	346	401	380	253	938	240	13	153	277	19	470	110	655	95	5.419
				4%	10%	6%	6%	7%	7%	5%	17%	4%	0%	3%	5%	0%	9%	2%	12%		2%	
				12	3	7	8	5	6	10	1	11	17	13	9	16	4	14	2		15	
HÓP				9	200	180	53	346	247	225	95	440	84	13	153	144		470	110	496	95	3.351
				100			100						100	100			100	100			100	
				%	35%	15%	%	62%	59%	38%	47%	35%	%	%	52%	%	%	76%	%	%	%	62%
				7	8	15	4	5	6	12	3	14	16	9	10		2	11	1		12	
ÁH				10	340	296		154	155	158	498	156			133				159			2.049
					65%	85%		38%	41%	62%	53%	65%			48%				24%			38%
					2	3		8	7	5	1	6			9				4			



Erlend mót







Agnes Suto bjóð til þessar skemmtulegu myndir af landsliðsfólkinu okkar fyrir verkefni vetrarins. Takk Agnes.



## Skýrsla fræðslunefndar FSÍ

Nefndina skipuðu Hlín Bjarnadóttir formaður, Andrea Dan Árnadóttir, Auður Vala Gunnarsdóttir, Fanney Magnúsdóttir og Guðmundur Þór Brynjólfsson.

Fræðslunefnd FSÍ kom að ýmsum verkefnum hjá sambandinu á sl. tímabili. Þar bar hæst að halda úti metnaðarfullri fræðsludagskrá og vinna að frekari þróun og uppbyggingu á þjálfaramenntunarkerfi FSÍ sem er rekið samhliða þjálfaramenntunarkerfi ÍSÍ. Kerfið á að mynda heilðræna menntun til diplománáms íþróttþjálfara. Það er stefna ÍSÍ að sérsamböndin hafi umsjón með sérgreinahluta á stigi 1, 2 og 3 en ÍSÍ sjái um almennan hluta á stigi 1, 2 og 3 og menntun á stigi 4 og 5.

Fræðslunefnd FSÍ hefur mikið verk fyrir höndum að útvíkka þjálfarakerfið og þróa námskeið á stigi 2 og 3, endurmeta og bæta námsefni á stigi 1. Hugmyndin er að á stigi 1 sé námsefni sem tengist mest almennum fimleikum. Sérhæfing byrjar í verklegum tímum í sérgreinahluta 1C og eykst þegar lengra er komið í kerfinu. Verklegrri kennslu á að gefa aukið rými í hverri grein þar sem meiri tíma er veitt í kennslu sérhæfðra fimleikaæfinga og undirbúnings þeirra og æfingar til að fyrirbyggja meiðsli. Áfram er stefnt að gerð sérhæfðs kennsluefnis fyrir fimleikabjálfa sem nýtist þeim beint í þjálfun út frá andlegum, félagslegum og líkamlegum þáttum. Getustig æfinga í verklegum tímum mun nú fylgja keppnisflokkum og –þrepum í almennum-, áhalda- og hóp fimleikum sem tengjast þjálfaraskýrteinum í Leyfiskerfi FSÍ. Með fyrirkomulaginu verður skýrara hvaða réttindi þjálfarar hafa, hvaða getustig þeir mega vinna með í þjálfun og hvaða getustigi þeir megi fylgja á mót FSÍ. Einnig þarf að huga að því hvort að hægt sé að þróa stuðnings- og eftirlitskerfi innan aðildarfélaganna þar sem að þjálfarar fái verknámskennara eða yfirþjálfara innan síns félags eftir ákveðin námskeið sem og að fjöldi þjálfunartíma séu skráðir fyrir hvern og einn þjálfara sem hluti af framgangi í þjálfunarmenntunarkerfinu.

Hluti þessarar vinnu er hafin í samvinnu við stjórn og fræðslufulltrúa FSÍ. Einnig hefur verið og verður enn frekar leitað til tækninefnda hvernar greinar meðan að verið er að endurbæta kerfið sem og verið er að meta starfandi þjálfara inn í menntunar- og Leyfiskerfið. Einnig þarf mikla samvinnu við aðildarfélögin til að allir sem koma að fimleikabjálfun í landinu gangi í takt og árangur náist á öllum sviðum fimleikastarfsins.

Það væri mikill hagur fyrir útbreiðslu fimleika héraendis og þjálfaramenntunarkerfið að koma á auknu samstarfi við háskóla og framhaldskóla hvað varðar kennslu fimleika á þessu kennslustigi sem og hvað varðar kennslu og gerð námsefnis á sérgreinahlutum FSÍ á stigi 2 og 3. Slíkt samstarf myndi styrkja stoðir fimleika á öllum stigum héraendis. Fræðslufulltrúar og fræðslunefnd hafa þegar hafið viðræður vegna þessa og fengið jákvæð viðbrögð. Einnig mætti ýta undir þá þróun að nemar á háskólastigi geri rannsóknar- og lokaverkefni tengd fimleikum í meira mæli.

Námskeið FSÍ á starfstímabilinu

Dagsetning	Námskeið	Tímafjöldi	Staður	Fjöldi þátttakenda
17.8 2016	Grunnþjálfun fimleika í grunnskólum	8	Reykjavík	16
10. - 11.9	Sérgreinahluti FSÍ 1C	20	Reykjavík Mosfellsbær Seltjarnarnes	27
17. - 18.9	Sérgreinahluti FSÍ 1A – hópur 1	20	Reykjavík Seltjarnarnes	31
24. - 25.9	Sérgreinahluti FSÍ 1C	20	Akureyri	19
1.-2.10	Sérgreinahluti FSÍ 1A – hópur 2	20	Reykjavík Seltjarnarnes	34
6.11	Móttaka stig 1 hóp fimleikar	8	Selfoss	18
19. - 20.11	Dómaranámskeið áhaldafimleikar karla TK landsdómarar E dómarar og próftaka	14	Reykjavík	24
6.1.2017	Móttaka stig 2 hóp fimleikar	8	Garðabær	21
7. - 8.1	Sérgreinahluti FSÍ 2A	20	Reykjavík Hafnarfjörður Mosfellsbær	32
14. - 15.1	Sérgreinahluti FSÍ 1B – hópur 1 og 2	20	Reykjavík Hafnarfjörður Kópavogur Mosfellsbær	53
7. - 14.1	Próftaka móttaka stig 1 hóp fimleikar		Selfoss	8
19. - 22.1	Dómaranámskeið áhaldafimleikar kvenna TKV landsdómarar framhaldsnámskeið D og E dómarar	25	Reykjavík	34
26.1	Próftaka dómaranámskeið áhaldafimleikar kvenna D og E dómarar	5	Reykjavík	34
27. - 29.1	Dómaranámskeið áhaldafimleikar karla TK landsdómarar D og E dómgæsla og próftaka	30	Reykjavík	15
4.2	Móttaka stig 1 hóp fimleikar	8	Kópavogur	20
18. - 19.3	Próftaka móttaka stig 1 hóp fimleikar		Reykjavík Kópavogur	16
1. -2.4	Parkour þjálfaranámskeið FSÍ	20	Reykjavík	23
30.4	Próftaka móttaka stig 2 hóp fimleikar		Reykjavík	

Þau kenndu á námskeiðum vetrarins og fá þakkir fyrir sín störf, Ahmed Al-Breih, Andrea Dan Árnadóttir, Anton Heiðar Þórolfsson, Auður Vala Gunnarsdóttir, Auður Ólafsdóttir, Axel Ólafur Þórhannesson, Berglind Pétursdóttir, Bjarni Gíslason, Erla Ormarsdóttir, Fanney Magnúsdóttir, Guðmundur Þór Brynjólfsson, Henrik Pilgaard, Hildur Ketilsdóttir, Hlín Bjarnadóttir, Íris Mist Magnúsdóttir, Íris Svavarsdóttir, Kristinn Þór Guðlaugsson, Sandra Dögg Árnadóttir, Sif Pálsdóttir, Sæunn Viggósdóttir og Tanja Birgisdóttir.

Fjöldi námskeiða og þátttaka á þjálfaranámskeiðum í sérgreinahluta FSÍ frá 1999 til febrúar 2017

Námskeið	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda/námskeið
Sérgreinahluti 1A	38	1155

Sérgreinahluti 1B	17	534
Sérgreinahluti 1C	17	478
Sérgreinahluti 2A	7	176
Sérgreinahluti 2B*	1	29
Sérgreinahluti 2C*	2	38

\*voru toppþjálfaranámskeið í áhalda- og hópfimleikum

#### Móttökunámskeið í hópfimleikum frá 2010 til maí 2017

Námskeið	Fjöldi námskeiða	Fjöldi þátttakenda/námskeið
Trampólín móttaka stig 1*	4	68
Trampólín móttaka stig 2*	1	14
Móttaka dýna og trampólín stig 1	7	153
Móttaka dýna og trampólín stig 2	4	78

\*eldri námskeið í móttöku hópfimleika, móttaka á dýnu og trampólíni stig 1 og 2 tóku við af því

Fræðslunefnd hefur haldið námskeið utan þjálfaramenntunarkerfisins bæði styttri valnámskeið og lengri námskeið s.s. toppþjálfaranámskeið í áhalda- og hópfimleikum. Hluti þessarar kennslu mun nú fara á efri stig kerfisins. Stefnt er að gerð styttri valnámskeiða um afmarkað efni og einnig með frekari útbreiðslu fimleika í huga til að sinna sem flestum hópum hérlendis. Má þar nefna námskeið um fimleikaskóla 3-5 ára, fimleika fatlaðra, fimleika í skólakerfinu og fimleika sem heilsurækt fyrir fólk á öllum aldri og getustigum. Hér þarf samvinnu stjórnar, nefnda og aðildarfélaga FSÍ til að auka útbreiðslu fimleika og þekkingu á greininni. Einnig er í undirbúningi nýtt námskeið ætlað erlendum þjálfurum til að kynna þeim íslenskar aðstæður, gildi og viðmið í íþróttahreyfingunni, skóla- og heilbrigðiskerfinu til að auðvelda þeim að aðlagast og skilja okkar menningu og markmið með þátttöku í íþróttum. Fimleikahreyfingin á að hafa það markmið að vera leiðandi varðandi forvarnir og heilbrigði hvað varðar holla lífshætti tengda hreyfingu og íþróttaiðkun. Taka á þann hátt þátt í því að bæta lýðheilsu landsmanna andlega, félagslega og líkamlega og gæta að heilsu iðkenda í fimleikum. Hér er tækifæri fyrir nýja heilbrigðisnefnd FSÍ að byggja upp jákvæða ímynd fimleika með forvarnir og mikilvægi heilsuefningar að leiðarljósi.

Nefndarfolk fagnaði ráðningu fræðslufulltrúa á tímabilinu, þeim Helgu Svönu Ólafsdóttur og Írisi Mist Magnúsdóttur, sem deila nú heilu starfshlutfalli og skipta með sér störfum sem koma að fræðslu- og útbreiðslumálum. Það er von nefndarfólks að nú muni framgangna þróunar á kennsluefni og útbreiðslu ganga hraðar fyrir sig og mikilvægt að stefna sambandsins sé skýr og unnið sé markvisst í þeim verkefnum sem framundan eru fimleikahreyfingunni til framdráttar. Nefndin vill ítreka mikilvægi þess að sambandið verji auknu fjármagni til fræðslumála til að halda áfram að þróa greinina og byggja upp á jákvæðan hátt enda fimleikar þriðja fjölmennasta íþróttagrein landsins þar sem þátttaka kvenna er mest af öllum greinum hérlendis.

Nefndin vill þakka þeim sem komu að námskeiðahaldi, fyrirlesurum, kennurum og sýnendum á námskeiðum og þeim félögum sem útveguðu húsnæði til kennslu. Við þökkum þeim fjölmörgu áhugasömu þátttakendum sem sóttu námskeiðin fyrir sitt framlag og að lokum viljum við þakka öllum starfsmönnum á skrifstofu FSÍ gott samstarf. Megi fræðslumálin áfram blómstra hjá FSÍ.

Fyrir hönd fræðslunefndar FSÍ 2016-2017

Hlín Bjarnadóttir

[Skýrsla nefndar um Fimleika fyrir Alla FFA](#)

Á ársþingi Fimleikasambands Íslands 2016 voru eftirtaldir skipaðir/kosnir í nefnd FFA:

Hlíf Þorgeirsdóttir – formaður

Sæunn Viggósdóttir – varaformaður

Guðrún Tryggvadóttir – ritari

Stefanía Eypórsdóttir

Óli Geir Jóhannesson

Nú síðustu ár hefur orðið mikil vitundarvakning á meðal stjórnar FSÍ gagnvart Fimleikum fyrir Alla og ber því að þakka. Það hefur skilað sér út til aðildafélaga FSÍ og hafa enn fleiri félög nú stofnað sér “Fimleika fyrir Alla” hópa eða sýningarhópa. Það er eitt af okkar hlutverkum í FFA að styðja þessa hópa og hefur nefndin síðast liðin ár boðist til að koma og fræða félög og hjálpa þeim af stað til að efla Fimleika fyrir Alla í þeirra félagi. Einn slíkur fræðslufundur var haldin að beiðni Ránar í Vestmannaeyjum í ágúst 2016 en þangað mættu bæði þjálfarar og stjórnarfolk til að hlusta á fræðsluerindi.

Nefnd FFA fundaði reglulega á tímabilinu og vann aðallega að skipulagningu og undirbúningi fyrir EUROGYM og Golden Age.

Margt annað var rætt á fundum eins og fræðslumál, Fimleikalíf, Gymnaestrada og fl.

### **EUROGYM (EG)**

Í júlí 2016 fóru 130. manna hópur frá 5 aðildarfélögum á EUROGYM í Cheske Budějovice í Tékklandi. Þetta var í 10. skiptið sem EUROGYM var haldið en tékkarnir voru ekki alveg að slá í gegn hvað skipulag varðaði en að mestu gekk þó hátíðin skammarlaust fyrir sig. Þátttakendur EUROGYM skemmtu sér vel og sýndu það og sönnuðu með frábærum sýningaratriðum að Fimleikar eru svo sannarlega fyrir alla.

Íslensku þátttakendurnir sem komu frá Aftureldingu, Ármanni, Fjölni, Fylki, og Selfoss stóðu sig með mikilli þrýði og voru landi og þjóð til sóma. Atriði Fjölnis og Selfoss sem FFA valdi til að sýna á GALA sýningu EUROGYM var skemmtilegt og vel æft og þökkum við iðkendum og þjálfurum fyrir þeirra framlag. Farastjórar FSÍ í ferðinni voru Sæunn Viggósdóttir og Stefanía Eypórsdóttir.

### **GOLDEN AGE (GA)**

Um 110 íslenskir iðkendur fóru á Golden Age fimleikahátíð fyrir 50. ára og eldri sem haldin var í Portoroz í Slóvaníu síðastliðið haust. Hóparnir Glóð úr Kópavogi, Faban frá Akranesi, Leikfímihópur Sóleyjar Jóhannesdóttur og aðilar úr Blik í Reykjavík stóðu sig frábærlega á sýningum og í vinnubúðum sem fram fóru á hverjum degi. Slóvenar voru með vel skipulagða hátíð sem tókst í alla staði vel hvort sem um var að ræða sýningarnar, vinnubúðir, kvöld partýin eða Gala sýning.

FFA valdi hóp frá Glóð til að sýna á Gala sýningu, en Sóleyjar hópur var einn af þremur hópum sem fékk svokallað “Wild card” úthlutað af UEG TC GFA. Báðir þessir hópar sýndu því sitt atriði á GALA sýningu GA og þökkum við þeim fyrir en þau stóðu sig mjög vel. Farastjórar í ferðinni voru Sæunn Viggósdóttir, Guðrún Tryggvadóttir og Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir.

### **FIMLEIKALÍF**

Þegar þessi skýrsla er skrifuð þá er ekki vitað um þátttöku félagana í Fimleikalífi en nefndin vinnur að skipulagningu að þeirri sýningarkeppni sem verður haldin í byrjun maí í Keflavík.

### **PARKOUR-NÁMSKEIÐ**

Í byrjun apríl var fyrsta Parkour námskeiðið haldið af FSÍ. Kennari á námskeiðinu var Ahmed Al-Breih. Ahmed hefur stundað Parkour og tricking síðan 2002 og er með þriðja svarta beltið í Taekwondo. Hann hefur unnið að því að koma íþróttinni inn hjá Sænska Fimleikasambandinu og vinnur hjá sambandinu sem verkefnastjóri.

Við í FFA erum tilbúin að hjálpa félögum af stað til að efla starf sitt á sviði FFA, með t.d. fræðslukvöldi fyrir þjálfara og stjórnarfólk.

Mig langar að þakka nefndarfólkinu mínu Sæunni, Guðrúni, Stefaníu og Óla Geir fyrir þeira frábæru vinnu sem og stjórn FSÍ og skrifstofu.

### **Munið að Fimleikar fyrir Alla eru fyrir ALLA**

Með fimleika kveðju,

Hlíf Þorgeirsdóttir

### Skýrsla vegna setu Hlífar Þorgeirsdóttur í TC-GFA-UEG

Nú fer öðru tímabili mínu í TC- GFA-UEG senn að ljúka því í desember verður kosningaþing UEG haldið í Split í Króatíu. Þetta þing verður ekki síður spennandi en FIG þingið 2016. Georges Guelzec Forseti UEG ætlar ekki að halda áfram og því verður spennandi að sjá hver tekur við. Nokkrir aðilar hafa áhuga á því að taka við starfinu af George en það er ekki auðvelt og í raun ekki fyrir hvern sem er að bjóða sig fram til Forsetastarfa. Forseti fær lítil sem engin laun, vinnan er mikil, ferðalögin mörg og því erfitt fjárhagslega fyrir fólk á besta aldri að stunda aðra vinnu meðfram forsetastarfinu. Því hafa í gegnum tíðina oft valist aðilar í starfið sem komnir eru á eftirlaun. Þetta er ekki sanngjarnt að mínu mati og væri gott ef hægt væri að breyta þessu sem fyrst.

TC-GFA-UEG sér um 5 viðburði á tveggja ára tímabili þar sem hátt í 10.000 þátttakendur taka þátt í auk þess eru fundir, unnið að skýrslugerð, reglum, handbókum og fleiru.

### **Nöfn nefndarmanna Hlutverk/Umsjón**

**Alberto Claudino (POR) Formaður**

**Hlíf Þorgeirsdóttir (ÍSL) Varaform.** Golden Age, Gym For Life Challenge, ECC

**Maria Stahl (SWE)** Education, Gym for Life Challenge

**Heidi Marie (NOR)** EUROGYM, Education

**Regina Beeler (SVI)** Golden Age, new projects

**Ilse Arys (BEL)** EUROGYM, new projects

**Kamil Skwarczyński (POL)** Communication

Hlutverk nefndarinnar er meðal annars að hafa yfirumsjón og skipuleggja EUROGYM, Golden Age, European Gym for Youth Challenge, halda Chore-camp, Seminar og að breiða út almenna fimleika.

Í ár erum við líka með nýtt námskeið fyrir 5 nýjar þjóðir sem ekki stunda Fimleika fyrir Alla í sínum löndum en langar að byrja og þurfa okkar stuðning. Við fengum styrk frá FIG til þess að bjóa þessum löndum til okkar á stutt námskeið og vonumst til að geta hjálpað þeim af stað.

## **EUROGYM (EG)**

Á síðasta ári héldum við EUROGYM í Chéske Budejovice í Tékklandi. Boðið var upp á 63 mismunandi vinnubúðir og fjöldan allan af sýningum. Tvö fræðslu námskeið voru líka í boði fyrir þjálfara og eldri iðkendur.

Í undirbúningsvinnu fyrir EUROGYM klúðruðu heimamenn flestu sem hægt var að klúðra og því var mikil vinna á okkur nefndarfólki við að bjarga því sem bjargast gat. Hátíðin sjálf gekk svo nokkuð vel fyrir sig og iðkendur (flestir) fundu ekki fyrir því sem gerðist á bak við tjöldin. Tékkar voru á undirbúningstímanum og á hátíðinni sjálfri undir smásjá bæði TC-GFA nefndarinnar sem og Forseta og framkvæmdastjóra UEG. Það fór því sem fór og nefndin var á 24 tíma vakt alla þessa viku.

Næsta EUROGYM verður haldið í Liege í Belgíu 2018 og byrjuðum við nefndin að vinna með þeirri LOC nefnd á síðasta ári eða 2 ½ ári fyrir hátíðina.

Ný regla mun taka gildi á EUROGYM í Liege í Belgíu er varðar GALA sýningu. Þau félög sem hafa áhuga á því að taka þátt verða að sækja um það og senda inn video af atriðinu sínu. Nefnd UEG mun velja inn þau atriði sem fá að sýna en einnig verða svokölluð „wild cards“ áfram í boði. Þetta er m.a. gert til að efla kóreografíuna enn meir en félögin hafa kvartað sjálf yfir því að fá ekki tækifæri til að taka þátt í GALA því Fimleikasamböndin í hverju landi velja sína fulltrúa. Það val er ekki alltaf sanngjarnt og oft á tíðum hefur ekki verið um besta atriðið að ræða.

Önnur breyting á reglu er að nú mega þjálfarar eldri en 20 ekki taka þátt í sýningaratriði og börn yngri en 10 ekki heldur. Börn þjálfara/hópstjóra yngri en 10 ára fá ekki lengur að gista í skólum og fá ekki aðgangspassa.

## **Golden Age (GA)**

Golden Age var haldið í Portoroz í Slóvaníu í október 2016. Undirbúningsvinna þar var góð og LOC nefnd þeira slóvana vel skipulögð og viljug til verka.

Slóvenar höfðu aldrei áður haldið fimleikahátíð af þessari stærðargráðu en um 2000 manns frá um 22 evrópulöndum mættu á staðinn. Hátíðin var vel skipulögð og var sú besta hingað til.

Boðið var upp á c.a. 30 mismunandi vinnubúðir og 2. stutt námskeið fyrir þjálfara og aðra einstaklinga. Útisýningar, Galasýning, opunar og lokahátíð og svo Golden Age party á kvöldin fyrir alla.

GA er miklu yngri hátíð en EG og því hefur ekki alveg verið komið fast form á hana en núna er það allt að gerast. TC GFA nefndin er búin að vinna ómælda vinnu við að hjálpa skipuleggjendum við að betrum bæta og finna lausnir sem hæfa hverju verkefni fyrir sig. Við sáum það núna í Portoroz að sú vinna er að skila sér og það er jákvætt 😊

Vinnan við næstu hátíð er löngu hafin en sú hátíð fer fram í Pesaro á Ítalíu 2018. Skipulagning er komin á fullt og nokkrir fundir hafa verið haldnir. LOC nefndin þar er með margar skemmtilegar hugmyndir og verður þetta eflaust ein fjölmennasta GA hátíðin. Ítalir lofa lágu verði á hótélkostnaði en sá hluti hefur stundum skipt sköpum fyrir 50+ hópana.

Ítalir héldu GA árið 2014 svo þeir vita út í hvað þeir eru að fara og hluti af LOC nefnd þeirra er sú sama og síðast og því mikil reynsla og þekking sem skilar sér í betra skipulagi og væntanlega betri hátíð.

### **Educational Choreo-Camp (ECC)**

Kóreografiunámskeið UEG var skpulgat og átti að halda það í Róm í lok apríl. Ítalska Fimleikasambandið sendi svo til okkar bréf mánuði fyrir námskeiðið og sagðist vera hætt við að halda námskeiðið. Við þurftum því að fresta því og verður tilkynnt um dagsetningu og stað síðar á árinu.

Þetta verður í 4. skiptið sem við höldum þetta námskeið og er það alltaf að mótast betur og betur. Við veðum með 4 kennara frá mismunandi löndum: Juao frá POR, Eija frá SWE, Ilona frá GER og ég (Hlíf) frá ÍSL. Námskeiðið okkar hefur verið full setið og gengið mjög vel. Í fyrra bættum við fræðslu fyrir þjálfara sem þjálfar 50+ við og var því vel tekið.

Næsta námskeið verður árið 2019 staðsetning er ekki ákveðin.

### **Seminar Gymnastic for fun**

Námskeiðið Gymnastic for fun verður haldið 20-22 október í Birmingham.

Á námskeiðinu er farið í það hvernig þjálfarar geti kennt fimleika móment á sem mest skapandi hátt og hvernig megi nota áhöldin að sama skapi. Við höfum verið með flotta fyrirlesara meðal annars Keith sem hefur starfað hjá FIG í mörg ár. Þetta er bæði verk- og bóklegt námskeið og er opið fyrir alla þjálfara í Evrópu 18 ára og eldri. Upplýsingar um námskeiðið er hægt að fá hjá FSÍ

### **Fundir**

Frá síðasta FSÍ þingi höfum við haldið nokkra fundi bæði skype og venjulega. Ég fór sem fulltrúi UEG á FIG Colloquium í Dornbirn þar sem ég sat m.a. fundi með formönnum heimsálfanna.

Nefndin hefur svo haldið fundi í Slóveníu, Tékklandi, Belgíu og Ítalíu. Framundan er svo, upplýsingafundur í maí fyrir EUROGYM í Liege í Belgíu, námskeið fyrir þjóðir sem eru að byrja með FFA í sínum löndum,

fundur í Noregi í sumar sem fram fer a sama tíma og stærsta fimleikahátíð Noregs, upplýsingafundur í Pesaró fyrir GA í október, ECC kóreografiunamskeiðið og svo þing UEG í byrjun desember.

Ég vil þakka Stjórn FSÍ og starfsmönnum skrifstofu fyrir stuðninginn síðasta árið☺

Áfram íslenskir fimleikar

## Fimleikakveðja Hlíf Þorgeirsdóttir

**EUROGYM** er evrópsk fimleikahátíð fyrir ungmenni, á aldrinum 12-18 ára. Evrópska fimleikasambandið, UEG, sér um þessa hátíð, ásamt landinu sem heldur hátíðina hverju sinni. Hátíðin hefst á opunarhátíð. Svo taka við vinnubúðir á morgnana og sýningar seinni hluta dags. Hápunktur Eurogym er svo Galasýning. Hátíðin endar svo á lokahátíð þar sem allir þátttakendur eru með. Ýmislegt annað er í boði þessa viku, svo sem partý, karóki, skoðunar- og verslunarferðir og margt fleira. EUROGYM er haldið annað hvert ár og verður næsta hátíð haldin í Liege í Belgíu, sumarið 2018. Öllum fimleikafélögum í Evrópu er velkomið að taka þátt í EUROGYM. Ísland hefur tekið þátt í EUROGYM frá byrjun.

**GOLDEN AGE** er evrópsk fimleikahátíð fyrir 50 ára og eldri. Evrópskafimleikasambandið, UEG, sér um þessa hátíð, ásamt landinu sem heldur hátíðina hverju sinni. Hátíðin hefst á opunarhátíð en svo taka við vinnubúðir, ýmis fræðsla á morgnana og sýningar seinni hluta dags. Hápunktur Golden Age er svo Galasýning þar sem bestu atriði hvers lands sýna, auk þess velur UEG nokkur atriði sem þykja framúrskarandi. Hátíðin endar svo á lokahátíð þar sem allir þátttakendur eru með. Ýmislegt annað er í boði þessa viku, svo sem fræðsla, danspartý, karóki, skoðunar- og verslunarferðir og margt fleira. GOLDEN AGE er haldin annað hvert ár, að hausti til, og verður næsta hátíð haldin í Pesaro á Ítalíu, haustið 2018. Ísland hefur tekið þátt í Golden Age frá upphafi.

**Seminar Gymnastic for Fun** er nýtt námskeið á vegum Evrópska Fimleikasambandsins (UEG) og er ætlað þjálfurum frá Evrópu. Tilgangur námskeiðsins er að kenna þjálfurum að þjálfa grunnæfingar fimleika á skapandi hátt og einnig að kenna þeim hvernig hægt sé að nota áhöld á skemmtilegan og skapandi hátt.

**Chore-camp** Choreo-camp er einn liður í því að bæta sýningaratriði um alla Evrópu. Farið er yfir samsetningu sýningaratriða og þjálfurum veitt aðstoð við að gera kraftmikil og áhugaverð sýningaratriði. Námskeiðinu er skipt upp í tvo hópa, fyrir byrjendur og fyrir þjálfara sem hafa nokkra eða mikla reynslu. Choreo-camp verður næst haldið árið 2017 (löng helgi).

**EUROPEAN GYM FOR LIFE CHALLENGE** er sýningakeppni, sem er ný af nálinni hjá UEG. "Test event", eða tilraunakeppni var haldin í Helsingborg í Svíþjóð, daginn fyrir EUROGYM, árið 2014. Evrópska fimleikasambandið, UEG, sér um þessa sýningakeppni. Sýningakeppnin er opin öllum fimleikafélögum. Keppt verður í nokkrum flokkum. Keppnin verður næst í Belgíu sumarið 2018 daginn fyrir EUROGYM.



## Skýrsla tækninefndar karla

Starfsárið 2016 - 2017

Á þingi Fimleikasambands Íslands, 13.maí 2016, var Sigurður Hrafn Pétursson kjörinn formaður tækninefndar karla í áhaldafimleikum (TK).

### Starfsskipan innan nefndarinnar

Sigurður Hrafn Pétursson - Formaður  
Anton Heiðar Þórólfsson - Varaformaður  
Axel Ólafur Þórhannesson - meðlimur  
Daði Snær Pálsson - meðlimur  
Zoltan - meðlimur

Anton, Axel og Daði buðu sig fram til áframhaldandi starfa fyrir nefndina frá síðasta tímabili, en það þýddi að nefndin var ekki fullskipuð. Fimleikasambandið auglýsti því eftir sjálfboðaliðum og að þeim loknum kom Zoltan inn í nefndina.

### Almenn störf nefndarinnar

Almenn störf voru unnin samkvæmt starfslýsingu tækninefnda. Nefndin hjálpaði skrifstofu við undirbúning móta og skipulag á dómaraþlönunum fyrir mót innanlands. Nefndin fundaði á netinu í gegnum facebook og notaðist við verkefnaborð á vefsíðunni [www.trello.com](http://www.trello.com) til að halda utan um stöðu verkefna og Google Drive, <http://drive.google.com> til að geyma skjöl. Fundargerðir voru fáar en eru til staðar á heimasíðu FSÍ.

Einnig er gaman að minnast á að í byrjun tímabils fór TK með erindi um úrvalshóp 2024 inn á stjórnarfund við góðar undirtektir og var erindinu vísað í samstarf hjá skrifstofu og TK. Við hlökkum til að sjá meira úr því verkefni.

### Íslenski fimleikastiginn

Á fjögurra ára fresti er Íslenski fimleikastiginn endurnýjaður. Það er gert til að uppfæra skv. nýjum reglum, beina æfingum í ákveðna átt og til að reyna að færa íslenska fimleika upp á hærra plan. Tækninefnd karla stofnaði undirnefnd sem fer með þetta verkefni. Í henni eru meðlimir TK: Sigurður, Axel og Zoltan. Nefndin hefur unnið að drögum að nýjum stiga sem á að einfalda keppni í stiganum og leiðbeina þjálfurum í æfingavali. Nefndin mun halda kynningu á drögunum og fá ábendingar frá þjálfurum með hugmyndir inn í nýja fimleikastigan. Vinna úr drögunum mun halda áfram hjá starfsnefndinni þó að tímabilinu sé lokið.

### Dómaramál

Ólympíuhringurinn 2013-2016 kláraðist á tímabilinu og nýr hringur, 2017-2020, hófst áramótin 2016-17 og með honum tóku nýjar reglur í áhaldafimleikum gildi. Alþjóðlega fimleikasambandið (FIG) hélt eitt intercontinental námskeið í Slóvakíu þar sem fyrstu dómarnir sátu námskeið og tóku próf. Fimleikasamband Íslands(FSÍ) sendi Björn Magnús Tómasson á það námskeið og stóð hann sig með þryði og náði category 2 (cat. 2) réttindum. Í framhaldi hélt Björn kynningu fyrir dómara á Íslandi, bæði þá sem stefndu á að fara á international námskeið hjá FIG og aðra áhugasama. FSÍ sendi svo 5 dómara út til Kanada á international námskeið: Andri Wilberg Orrason, Anton Heiðar Þórólfsson, Daði Snær Pálsson, Guðmundur Þór Brynjólfsson og Sigurður Hrafn Pétursson. Þeir stóðu sig allir mjög vel og komu heim með einkunnir fyrir cat. 2 réttindum. Anton og Daði fengu strax cat. 2 réttindi, en Andra, Guðmund og Sigurð vantaði að hafa dæmt fleiri FIG official mót til að fá beint cat. 2, svo að þeir fengu cat. 3 réttindi með möguleika á að uppfæra réttindin sín í cat. 2 með því að dæma mót á tímabilinu 2017-2018.

Reglurnar héra heima breytast í takt við alþjóðlegu reglurnar, svo að tækninefndin stóð fyrir dómaramámskeiðum fyrir dómara í nýju reglum. Námskeið helgina 19. - 20. Nóvember var haldið fyrir nýja dómara og námskeið helgina 27.-29.janúar var haldið fyrir nýja dómara og þá sem ætluðu sér að endurnýja réttindin. Anton Heiðar sá um kennslu á báðum námskeiðunum, og hefur TK ekki heyrt neitt nema lof um þau námskeið. 26 nýjir dómara fengu dómara réttindi á námskeiðunum og við stöndum uppi með samtals 47 dómara í áhaldafimleikum karla.

Pegar kemur að því að manna dómara stöður á mótum, þá gengur það yfirleitt ágætlega. Alþjóðlegu dómurinum er raðað niður á mót fram í tíman og þau alþjóðlegu verkefni sem íslenskir MAG dómara hafa tekið að sér á tímabilinu koma fram hér að neðan. Dómarskráningar frá félögum áttu það til að koma seint og um síðir, sem veldur því að keppnisplön breytast eða dómara plön komast ekki tímanlega út. Það gerðist þó að mót voru mönnuð með færri dómurum en TK telur vera við hæfi og er það eitt af meginmarkmiðum TK að stækka dómarahóp íslenskra dómara. Ef hópurinn er smár, þá lendir megnið af dómgaeslunni á sömu herðunum mót eftir mót og á endanum sligast fólk undan álaginu og hverfur frá. Stækki hópurinn er hægt að dreifa álaginu á fleiri dómara og halda fólk lengur við störf. Dómaramámskeiðin voru góð innspýting í dómarahópinn og vonumst við til að stærri hópur hjálpi til við að manna mót.

### Skipulagning móta

Starfsfólk skrifstofu FSÍ vann skipulag á mótum í samstarfi við það félag sem sá um mótið hvert skipti. TK er skrifstofu til halds og trausts við skipulagningu og við skiptum þeirri ábyrgð á milli manna. Tengiliður TK við skrifstofu sá þá um að hjálpa til við að móta skipulagið, setja upp dómara plön og tilnefna yfirdómara á mótið. Mótshlutar í áhaldafimleikum karla stóðust að mestu tíma plön og voru yfirleitt á undan áætlun.

### Verkefni

Tímabilið er Maí 2016 - Mars 2017. Farið verður yfir þáttöku Íslands á alþjóðlegum mótum.

Norðurlandamót senior og junior - 6. - 8. maí 2016 Íslandi

Ísland sendi lið til þátttöku í bæði senior og junior flokki. Dómara á mótinu voru Anton Heiðar Þórólfsson, Daði Snær Pálsson og Sigurður Hrafn Pétursson

Norðurlandamót u14 6. - 8. maí 2016 Finnlandi

Ísland sendi lið til þátttöku. Dómari á mótinu var Sindri Diego

Evrópumót senior og junior 25. - 29. maí 2016 Sviss

Ísland sendi til þátttöku. Dómari á mótinu var Daði Snær Pálsson.

Ólympíuleikarnir í Ríó 5. - 21. ágúst 2016 Brasilíu

Ísland sendi ekki keppendur til keppni, en FIG var búið að bjóða Antoni Heiðari Þórólfssyni til að koma og dæma á mótinu, sem verður að teljast mikill heiður.

Norður Evrópumót 21. - 23. október 2016 Noregi

Ísland sendi 3 keppendur til keppni, en vegna meiðsla kepptu aðeins tveir. Dómari á mótinu var Björn Magnús Tómasson

Næstu mót á tímabilinu 2017 - 2018

### 2017

Árið 2017 munu eftirfarandi mót verða haldin:

- Evrópumót í Rúmeníu 19. - 23. apríl
- Norðurlandamót junior í Noregi 19. - 21. maí
- Norðurlandamót u14 í Danmörku 19. - 21. maí
- Evrópuleikar æskunnar í Ungverjalandi 23. - 29. júlí
- Heimsmeistaramót í Kanada 2. - 8. október
- Norður Evrópumót í Færeyjum 21. - 22. október

- Smáþjóðaleikarnir í San Marínó 2017 munu ekki bjóða uppá fimleika eins og var boðið uppá hér á Íslandi 2015

## 2018

Árið 2018 munu eftirfarandi mót verða haldin:

- Norðurlandamót senior og junior í Danmörku
- Norðurlandamót u14
- Norður Evrópumót
- Evrópumót senior og junior 8. - 12.ágúst í Glasgow, Skotlandi
- Ólympíuleikar æskunnar 1. - 12.október í Buenos Aires, Brasilíu
- Heimsmeistaramót 25.okt - 3.nóv í Doha, Qatar

## Þakkir

Tækninefnd karla þakkar nefndarfólki í tækninefnd í áhaldfímleikum kvenna FSÍ og fræðslunefnd FSÍ sem og starfsfólki skrifstofu fyrir gott samstarf.

Nefndin vill að lokum koma fram þökkum til allra þeirra sem lögðu henni lið á tímabilinu, en góð samskipti og samvinna aðildarféлага og starfsfólks skrifstofu við nefndir FSÍ er lykillinn að farsælu starfi hreyfingarinnar.

Formaður þakkar nefndarmönnum samstarfið þetta tímabil.

Fyrir hönd tækninefndar karla í áhaldafímleikum FSÍ  
Sigurður Hrafn Pétursson

## Skýrsla tækninefndar í hópfimleikum

Nefndina sátu:

Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir, formaður

Kristinn Þór Guðlaugsson, varaformaður

Ragnar Magnús Þorsteinsson, ritari

Ágústa Dan Árnadóttir

Henrik Pilgaard

Keppnisreglur á Íslandi.

Keppt var eftir CoP 2013, sem var uppfært 2015, með undanþágum í 1. - 5. flokki.

Ekki var gert mikið að breytingum á þeim undanþágum sem voru tímabilið á undan, en reynsla þess tímabils notuð til að endurbæta íslensku reglurnar og betrubæta orðalag þar sem þörf var á. Þó var bætt við lendingarbónus hjá meistaraflokkunum og 1. flokki, þar sem liðin gátu fengið 0.2 á lokaeinkunn E-dómara ef að þau náðu að lenda öll sín stökk án móttöku. Þá var gefinn bónus í 2. - 5. flokki fyrir að hafa upphaf seinasta stökks á fíberdýnnum inni á fíber, en ekki inni á lendingardýnnum. Hvoru tveggja reyndist mjög vel í vetur.

Áfram var boðið uppá B-flokk hjá 1. flokki og meistaraflokki en því miður var þátttaka í þeim flokkum ekki eins mikil og á fyrra keppnisári, en vonumst við til þess að sjá aukningu aftur á næsta ári.

Deildarkeppnin var áfram á sínum stað í 2. - 4. flokki og tókst vel til. Í vetur náðum við að skipta 2. flokki í A deild og B deild, en 3. flokkur og 4. flokkur náðu að fara alla leið í C deild og vorum við mjög nálægt því að ná í D-deild í 4. flokki, sem er frábært - við fögnun alltaf fjölgun.

Í meistaraflokki voru 7 lið sem kepptu, 2 í KVK, 2 í MIX, 1 í KK og 2 í B-flokki. Þá voru 9 lið í 1. flokki, 1 KK, 5 A-lið og 3 B-lið.

### Innlend hópfimleikamót

8 hópfimleikamót voru haldin á tímabilinu, 2 á haustönn og 6 á vorönn.

Vegna aukingu á fjölda keppenda á síðustu árum var ákveðið að skipta mótum yngri flokka í tvennt. Því voru haldin 2 haustmót og 2 íslandsmót unglunga ásamt því að 1. og 2. flokkur kepptu á WOW bikarmóti fullorðinna í stað bikarmóts unglunga. Þetta skipulag gaf góða reynslu og léttir undir með dómurum, þjálfurum og mótshöldurum.

Haustmót fyrir 4. og 3. flokk var haldið í Ásgarði í nóvember og helgina eftir var keppt í 2. flokki, 1. flokki A og B og Meistaraflokk B. Mótin gengu vel fyrir sig og um 1000 keppendur sýndu listir sínar. Fyrsta mót vorannar var Toppmót í hópfimleikum sem fram fór í Versölum í febrúar. Keppt var í meistaraflokki og mættu 2 kvennalið og 2 blönduð lið til keppni. Helgina eftir var haldið Bikarmót unglunga þar sem lið í 5.-3. flokki kepptu ásamt karla flokkum yngri og eldri. Mótið gekk vel en þó þurfti að fresta tveimur hlutum vegna veðurs. Þeir voru kepptir í lok dags á sunnudegi.

Bikarmót fullorðinna fór fram í Ásgarði í mars. Þar kepptu 2. flokkur, 1. flokkur A og B ásamt meistaraflokki A og B. Mótið gekk mjög vel og var síðasti hluti mótsins, 1. flokkur A og meistaraflokkur A, sýndur í beinni útsendingu í sjónvarpi.

Í apríl mun Íslandsmót fullorðinna fara fram í Laugardalshöll og verður það einnig sýnt í beinni útsendingu. Íslandsmót unglunga verður svo tvískipt, 2. flokkur og 1. flokkur A og B keppa á Egilsstöðum í maí og helgina eftir það keppa 5.-3. flokkur ásamt karlaflokkum yngri og eldri á Akureyri. Búið er við miklum fjölda keppenda á þessi mót.

## Stökkfimi

Keppnistímabilið 2016-2017 var keppt eftir keppnisreglum seinasta veturs í stökkfimi. .að sem gæti orðið til þess að jstm drengum sem eru að vaxa og eiga möguleika andi vikmörk og annað sem gæti orðið til þess að jí ár var ákveðið að fjölga stökkfimi mótum úr tveimur í þrjú. Ákveðið var að bjóða upp á haustmót og bikarmót sem liðakeppni og síðan Íslandsmót sem einstaklingskeppni. Því miður féll haustmótið niður vegna dræmrar þátttöku.

Fyrsta mótið var því bikarmót í Stökkfimi á Akranesi sem gekk ágætlega. Til leiks mættu 200 keppendur frá 8 félögum.

Minni félög hafa verið dugleg að sækja mótið ekki síst vegna þess að fjöldi keppenda í hverju liði er ekki jafn mikill og í hópfirmleikum. Einnig hafa stærri félög sent keppendur á mótið sem ekki eru hópfirmleikaliðum, til að gefa öllum verkefni.

Félög af landsbyggðinni sem hafa ekki áður sent keppendur til FSÍ móta hafa sýnt stökkfimi áhuga og því er það vilji THF að styrkja og bæta umgjörðina á stökkfimi enn frekar. Ýmsar hugmyndir hafa verið ræddar til að gera keppnina áhorfandavænni sem og aðrar breytingar til að bæta keppnisfyrirkomulagið. Á næsta tímabili er það ein af tillögum THF að sett verði á fót stökkfimefnad að nýju, til að ná þessum markmiðum.

## Erlend mót

Á EM 2016 í Maribor voru send 4 lið frá Íslandi. Upphaflega var stefnt að þátttöku 5 liða. Það voru lið kvenna, karla og blandaðs liðs fullorðinna og stúlkna og blandaðs liðs unglunga. Í júlí var ákveðið að fækka liðunum niður í 4 og taka út karlalið fullorðinna.

Unglingaliðin fóru í æfingabúðir á Akureyri í júlí en gullorðinsliðin fóru til Danmerkur í æfingabúðir í ágúst. Báðar æfingabúðirnar gengu mjög vel, bæði hvaða varðar æfingar og uppbyggingu á liðsanda. Undirbúningurinn gekk vel og seinustu vikuna í september var ákveðið að hafa keyrslumót, þar sem liðin keyrðu æfingar sínar fyrir áhorfendur og dómara. Tveimur vikum seinna var haldið til Maribor. Úrslitin gengu vel hjá öllum liðum og í fyrsta skipti í sögu íslenskra hópfirmleika fóru öll lið á pall. Lið unglingsstúlkna varð í fyrsta sæti og urðu Evrópumeistarar. Kvennaliðið varð í öðru sæti eftir harða keppni við Svíþjóð og blönduð lið fullorðinna og unglunga lentu í 3. sæti. Einnig var þetta í fyrsta skipti sem að fullorðins lið í blönduðum flokki kemst á pall.

Það er gott að minnst á að það er mjög mikilvægt að leggja mikinn metnað og áhuga í uppbyggingu fimleika hjá unglingsdrengjum á Íslandi, til þess að halda inni þeim drengum sem eru að vaxa og eiga möguleika á að byggja landsliðin okkar á næstu árum.

## Úrtökumót fyrir NM fullorðinna.

Ákveðið var að 3 mót myndu gilda sem úrtökumót fyrir NM fullorðinna í hópfirmleikum sem fram fer næsta haust. Þau mót voru Toppmót, WOW -bikarmót og Íslandsmót fullorðinna. Tvö bestu mót liða giltu til stiga í keppni um hvaða lið hlytu keppnisrétt á mótinu. 2 lið í hverjum flokki vinna sér rétt til að fara fyrir Íslands hönd á mótið. Þegar hafa Stjarnan og Gerpla þegar tryggt sér keppnisrétt í kvennaflokki og flokki blandaðra liða. Einnig er möguleiki fyrir karlalið Gerplu að tryggja sér þáttökurétt.

## Dómaraupprifjun

Þar sem von er á nýjum reglum á næstu mánuðum var ákveðið að hafa ekki dómaranámskeið í haust, þar sem það væri mikill kostnaður fyrir félögin að senda dómara á námskeið til þess eins að hafa réttindi í eitt ár.

Þess í stað var haldin dómaraupprifjun, þar sem mælst var til þess að allir þeir dómara sem hygðust dæma í vetur myndu mæta. Þar var áætlað að stilla strengina fyrir veturinn og varpa fram þeim spurningum sem dómara hefðu varðandi reglurnar. Fyrri upprifjunin var haldin í Reykjavík og sú seinni á Akureyri, en báðar fóru þær fram í september. Þar fór Bergþóra Kristin, formaður THF yfir allar reglur og undanþágur og tók dæmi um það sem gæti komið upp og hvernig væri best að leysa það. Á upprifjuninni í Reykjavík var Ágústa Dan henni til taks með dans-reglurnar og var farið ítarlega í reglur fyrir dansinn. Dómaraupprifjunin var dómurum að kostnaðarlausu, var mjög vel sótt og mikil ánægja með hana. Eftir upprifjunina var glærunum póstað á Facebook síðu dómara, þar sem allir þeir sem ekki komust gátu séð um hvað var fjallað.

#### Dómaraskipan á mót

Í haust var sett upp nýtt mótaskipulag, þar sem stærstu mótunum, haustmóti, Bikarmóti og Íslandsmóti unglinga var skipt uppá tvær helgar, sem áður hafi verið ein helgi. Þessu fögnuðum við en þar sem færri lið kepptu á hvorri helgi, sköpuðust erfiðleikar við að fylla upp í dómargildi með þeirri reglu sem var í gildi, þar sem hvert félag átti að skipa 2 dómurum á fyrstu 2 liðin og svo 1 dómara á hvert lið eftir það. Eftir skráningu á hvert mót þurfti að reikna hver dómaraþörfin var á mótið og reyna út frá því að finna bestu leiðina til þess að fylla út í dómara fjöldann. Þetta gekk ágætlega og voru öll mót skipuð fullum dómaraþörfum, utan við Toppmót meistaraflokka, þar sem dómara voru í algjöru lágmarki. Okkur þótti ekki hægt að halda þessari dómara reglu áfram og sendum á þingið tillögu að nýrri reglu, þar sem við lögðum til að hvert félag ætti að skila inn fjölda dómara í samræmi við hlutfall af fjölda liða. Með tillögunni lögðum við fram lágmarksfjölda dómara í hverjum flokki fyrir sig og lögðum til að hvert félag gæti þó aldrei fengið fleiri en 3 dómargildi á hvert lið og að FSÍ þyrfti að greiða fyrir þá dómara sem uppá vantaði í lágmarksþörf.

#### Strákaæfingar

Í mars 2016 fór fram fyrsta sameiginlega strákaæfingin sem að THF stóð fyrir. Tækninefndin var mjög ánægð með framkvæmd æfingarinnar og fékk mikið hrós frá þjálfurum og iðkendum sem mættu. Hins vegar var því miður erfitt fyrir þjálfarana sem sáu um æfinguna þá að finna tíma til að halda æfingu á þessari önn. Það orsakast aðallega af EM verkefninu á haustönn, þar sem báðir þjálfarar voru með landslið og vegna þess hversu stutt og ákaft keppnistímabil meistaraflokka var á vorönn 2017.

Hins vegar er planið að vera með sameiginlega strákaæfingu eins fljótt eftir páska og mögulegt er og að stefna á aðra æfingu fljótlega eftir Norðurlandamót fullorðinna í nóvember.

#### Fjölmiðlar

Keppnistímabilið 2016-2017 sýndu fjölmiðlar hópþímleikum mikinn áhuga og ber því að fagna. RÚV sýndi beint frá Evrópumótinu í hópþímleikum og margar fréttir bárust frá hinum ýmsu fréttamiðlum meðan fimleikaveislan fór fram. RÚV sýndi einnig beint frá WOW Bikarmóti fullorðinna og munu sýna beint frá Íslandsmóti fullorðinna sem fer fram í apríl. Vikuna 3.-9 apríl mun fara fram sannkölluð íþróttaveisla á RÚV en þá mun vera beinar útsendingar frá hinum ýmsu íþróttum þar á meðal Íslandsmóti fullorðinna.

Þessi mikla umfjöllun er gríðarlega mikilvæg fyrir íþróttina, hún eykur enn frekar áhugann á íþróttinni sem og iðkendur í greininni öðlast flottar fyrirmyndir.

Þeir fjölmiðlar og fjölmiðlamenn sem sýna íþróttinni síaukin áhuga fá þakkir fyrir flotta umfjöllun með von um enn betra og meira samstarf í framtíðinni.

#### Tillögur til FSÍ

## EM2018

Á fundi með Stjórn FSÍ í desember 2016 vor kynntar hugmyndir af verkefni fyrir EM 2018 og jafnvel fyrir EM 2020. Hugmyndir um að ráða 1 -2 stökkþjálfara og 1-2 dansþjálfara sem myndu leggja línuna í landsliðsmálum, setja upp stöðupróf og viðmið sem þarf að ná, svo að þjálfarar og iðkendur vita hvert er verið að stefna. Þá var send inn fjárhagsáættlun og nánari útlistun á verkefninu í janúar 2017.

Við vonum að þetta fari lengra og verði að veruleika því við teljum að þetta muni hafa mikil áhrif á liðin fyrir næsta EM. Þá þegar þjálfarar verða ráðnir inn á hvert lið verður komin góð mynd af því hvar styrkleikar hjá hópnum sem er búin að vera mæta á úrtaksæfingar liggja og þannig hægt að skoða hvað hvar á að setja fókusinn. Þá er ekki bara horft á hvaða lið á að vera í forgang heldur hvað kröfur er raunhæft að stefna að. Eins er gott fyrir þjálfara sem ráðnir eru inn á hvert lið að fá upplýsingar með stöðuprófum og videoum af undirbúnings æfingum þannig að það auðveldi til að sjá stöðuna á liðunum.

### Fræðsla úti á landi

